

VSÓ Ráðgjöf ehf  
Björn H. Barkarson  
Borgartúni 20  
105 Reykjavík

Reykjavík, 7. október 2011

*Tilvísun:* 201106010

**Efni: Þríhnúkakagigur, Kópavogsbæ. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.**

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu VSÓ Ráðgjafar ehf., f.h. Þríhnúka ehf., að matsáætlun um Þríhnúkakagíg, Kópavogsbæ.

VSÓ Ráðgjöf ehf. sendi Skipulagsstofnun erindi dags. 10. ágúst 2011 ásamt tillögu að matsáætlun:

**Þríhnúkar ehf. Þríhnúkakagigur, Kópavogsbæ. Aðgengi ferðamanna - aðkomuvegur, þjónustumiðstöð og aðstaða til skoðunar. VSÓ Ráðgjöf ehf. ágúst 2011.**

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Kópavogsbæ, Ferðamálastofu, forsætisráðuneyti, Fornleifvernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Orkuveitu Reykjavíkur, Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar, Umhverfisstofnun og Vegagerðarinnar. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Kópavogsbæ með tölvubréfi dags. 1. september 2011, Fornleifvernd ríkisins með bréfi dags. 29. ágúst 2011, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis með bréfi dags. 30. ágúst 2011, Orkuveitu Reykjavíkur með bréfi dags. 28. ágúst 2011, Umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar með bréfi dags. 29. ágúst 2011, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 31. ágúst 2011 og Vegagerðinni með bréfi dags. 1. september 2011. Umsagnir frá Ferðamálastofu og forsætisráðuneyti bárust ekki. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfum dags. 6. september 2011.

**NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu VSÓ Ráðgjöf ehf. að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim

viðbótum sem koma fram í bréfum dags. 6. september 2011 og með eftirfarandi athugasemdum.

### **Framkvæmdasvæði og kostir**

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að rökstyðja þurfi hvers vegna kostur um að aðkomubílastæði og aðstaða verði í Bláfjöllum og léttlest þaðan að jarðgangamunna verði ekki skoðaður frekar. Með léttlest verði olíumengunarhættu bægt frá svæðinu og ekki væri þörf á bílastæðum í hrauninu, sem muni taka upp mikið rými miðað við áætlaðan gestafjölda. Þá hefur Kópavogsbær í umsögn sinni einnig lagt til að slík útfærsla yrði skoðuð. Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að skíðasvæðið í Bláfjöllum sé á fjarsvæði vatnsverndar í flokki A eins og Þríhnúkar og olíumengunarhættu því ekki bægt frá svæðinu þó svo bílastæði yrði í Bláfjöllum. Í öllum tilvikum þyrfti að koma búnaði að Þríhnúkum og því þyrfti að leggja þangað veg, einnig í þeim tilgangi að tryggja öryggi á svæðinu. Skipulagsstofnun tekur undir athugasemdir Umhverfisstofnunar og Kópavogsbæjar og telur eðlilegt að fjallað verði ítarlegar um þennan kost í frummatsskýrslu í samræmi við tl. 1h í 18. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum og frekari rökstuðningur lagður fram fyrir því hvers vegna honum er hafnað.

### **Áhrifasvæði**

Í umsögn Orkuveitu Reykjavíkur er bent á að á mynd nr. 3 í tillögu að matsáætlun séu mörk áhrifasvæða A og B dregin of þröngt. Skipulagsstofnun telur að um leið og tekið er tillit til þessara ábendinga fyrirtækisins í frummatsskýrslu mætti sýna fleiri örnefni á myndinni auk staðsetninga vatnsbóla sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins.

### **Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum**

**Áhrif á grunnvatn.** Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis kemur fram það vanti rannsóknir sem styrkt geti kenningu eða útreikninga sem birtist í tillögu að matsáætlun um að það taki grunnvatn 23 ár að renna frá fyrirhuguðu stöðvarhúsi eða gestamóttöku að næsta vatnbóli og því sé ekki ástæða að óttast gerla- og veirumengun. Þar sem þessar rannsóknir skorti þurfi grunnvatnið að njóta vafans. Skipulagsstofnun leggur áherslu á ítarlega umfjöllun um rökstuðning fyrir þeim útreikningum sem lagðir verða fram í frummatsskýrslu og sem að lúta að grunnvatni og hættu á mengun þess.

Orkuveita Reykjavíkur bendir á í umsögn sinni að vinna ætti hættumat um mengun vatnsbóla vegna fráveitu þar sem mismunandi kostir eru metnir, m.a. sá kostur að flytja allt skólþ af svæðinu. Þá lýsir Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis í umsögn sinni yfir efasemdum um að fráveitulausn sem feli í sér rekstur rotþróar sé raunhæf lausn fyrir það magn af skólþi sem gera meg ráð fyrir að falli til og sama gildi um notkun safntanka. Framkvæmdaraðili svarar því til að í frummatsskýrslu verði fjallað um hvernig staðið verði að förgun fráveitu með viðurkenndum hætti skv. reglugerð - með rotþró, safntönkum eða viðurkenndum hreinsibúnaði. Skipulagsstofnun vill taka undir mikilvægi þess að í frummatsskýrslu þurfi að liggja fyrir niðurstöður varðandi fráveitumál og að ljóst sé að sá kostur við fráveitu skólþs sem framkvæmdaraðili hyggst velja hafi enga mengunarhættu í för með sér fyrir vatnsból höfuðborgarsvæðisins.

**Aukin umferð um Bláfjallaveg – aukin hætta á umferðaróhöppum.** Í kafla 7.3 kemur m.a. fram að í frummatsskýrslu verði fjallað um með hvaða verklagi og mótvægisáðgerðum unnt verði að minnka neikvæð áhrif á umferðaröryggi, m.a. með því að gera endurbætur á núverandi vegum. Ljóst sé að umferð muni aukast mikið miðað við núverandi aðstæður og þar með hætta á grunnvatnsmengun vegna mögulegra umferðaróhappa. Í umsögn Orkuveitu Reykjavíkur er bent á að Bláfjallavegur og Bláfjallaleið séu ekki á forræði framkvæmdaraðila heldur Vegagerðarinnar og að fyrirtækinu sé ekki kunnugt um að Vegagerðin hyggist ráðast í

úrbætur á þessum vegum. Skipulagsstofnun bendir á að í frummatsskýrslu þarf að gera ráð fyrir ýtarlegri umfjöllun um hugsanlegar aðgerðir til að koma í veg fyrir eða draga úr líkum á umferðaróhöppum á umræddum vegum. Skipulagsstofnun telur að framkvæmdaraðili þurfi að hafa samráð við Vegagerðina varðandi umferðarspá, mat á umferðaröryggi og hugsanlegar endurbætur á vegunum. Ef það er niðurstaða að ráðast þurfi í endurbætur á umræddum vegum þarf að gera grein fyrir þeim framkvæmdum í frummatsskýrslu og ef þessar endurbætur verða hluti af framkvæmdaráformum við Þríhnúkagíg og verða á forræði framkvæmdaraðila, þarf að leggja mat á umhverfisáhrif þeirra.

**Samlegðaráhrif.** Í umsögn Orkuveitu Reykjavíkur er bent á að fyrirhugaðar framkvæmdir kunni að hafa neikvæð samlegðaráhrif m.t.t. vatnsverndar vegna núverandi starfsemi skíðasvæða í Bláfjöllum og hugsanlegrar starfsemi annarra rekstraraðila sem vilji nýta sér aukna umferð ferðamanna. Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi til upplýsingar að gera grein fyrir og fjalla um núverandi starfsemi í Bláfjöllum, m.a. hvernig háttáð er fráveitu á svæðinu og magni, upplýsingar um árlegan fjölda sem sækir skíðasvæðin heim og árlegt umferðarmagn. Þá telur Skipulagsstofnun eðlilegt að í frummatsskýrslu væri gerð grein fyrir því hvort og í hvaða mæli fyrirhuguð starfsemi kunni að verða til þess að einhverjir aðrir rekstraraðilar komi á fót starfsemi sem m.a. miðaði að því að veita ferðamönnum þjónustu. Í frummatsskýrslu þarf síðan að gera grein fyrir hugsanlegum samlegðaráhrifum fyrirhugaðrar starfsemi við Þríhnjúka með þeirri starfsemi sem nú er þegar til staðar á skíðasvæðinu í Bláfjöllum sem og fyrirsjáanlegri annarri framtíðarstarfsemi á mismunandi umhverfisþætti, s.s. grunnvatn, sjónræn áhrif og áhrif á landslag, gróður og jarðmyndanir.

**Heildarrask.** Í kafla 7.4 í tillögu að matsáætlun er fjallað um jarðmyndanir og í kafla 7.7 um gróður. Þar sem umfang rasks er eitt af þeim viðmiðunum sem leggja ber til grundvallar mati á vægi áhrifa á viðkomandi umhverfisþætti telur Skipulagsstofnun að í frummatsskýrslu þurfi að greina frá heildarraski sem verður annars vegar á gróðri af völdum fyrirhugaðra framkvæmda og hins vegar á hrauni eða öðrum jarðmyndunum eftir því sem við á.

### **Samræmi við samþykkt um vatnsverndarsvæði á höfuðborgarsvæðinu**

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis kemur fram það mat að ef ráðist verði í fyrirhugaða uppbyggingu við Þríhnúkagíg innan söfnunarsvæði vatnsverndarsvæðis, kalli það á breytingar á samþykkt um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins nr. 636/1997. Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ótímabært sé að draga þá ályktun að þau áform sem kynnt séu í tillögu að matsáætlun séu ekki í samræmi við samþykktina en niðurstöður mats á umhverfisáhrifum gætu hins vegar leitt í ljós að gera þyrfti breytingar á samþykktinni. Skipulagsstofnun leggur áherslu á ítarlega umfjöllun um þetta atriði í frummatsskýrslu. Þar þarf m.a. að koma fram hvort að yfirvöld vatnsverndarmála á höfuðborgarsvæðinu eru tilbúin til að mæla með breytingum á samþykktinni ef niðurstöður mats á umhverfisáhrifum benda til þess að það sé nauðsynlegt.

Þóroddur F. Þóroddsson

Jakob Gunnarsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna.

Afrit: Kópavogsbær, Ferðamálastofa, forsætisráðuneytið, Fornleifvernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Orkuveita Reykjavíkur, Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar, Umhverfisstofnun og Vegagerðin.

